

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 43/2017****2018/EES/78/43****frá 3. febrúar 2017****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2003 frá 14. nóvember 2016 um breytingu á ákvörðunum 2009/300/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tiltekna vörur <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í liði 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB), 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB), 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB), 2r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB), 2t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB), 2zg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB) og 2zh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 D 2003:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2003 frá 14. nóvember 2016 (Stjúd. ESB L 308, 16.11.2016, bls. 59).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2016/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjúd. ESB L 308, 16.11.2016, bls. 59.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.